



Fréttabréf Greiningardeildar

Nóvember 2024
Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – nóvember 2024

				föstudagur
				1. nóvember Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
4	5	6	7	8
Eimskip birtir uppgjör Forsetakosningar í Bandaríkjunum	Kvika banki, Heimar og Sýn birta uppgjör	Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Bandaríkjanna og Englandsbanka.	Skráð atvinnuleysi í okt. (VMST)	
11	12	13	14	15
Brottfarir um Keflavíkurflugvöll í okt. (FMST) Reitir birta uppgjör	Væntingakönnun markaðsaðila (SÍ) Greiðslumiðlun í okt. (SÍ) Verðbólga í Bandaríkjunum	Alvotech birtir uppgjör		
18	19	20	21	22
Vísitala íbúðaverðs í okt (HMS)	Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanki Íslands <i>Peningamál</i> 2024/4 birt Iceland Seafood birtir uppgjör Vísitala leiguverðs í okt. (HMS) Verðbólga í Bretlandi	Alvotech, Brim, Hampiðjan og Síldarvinnslan birta uppgjör		
25	26	27	28	29
Vöru og þjónustujöfnuður á 3F (HAG)	Skagi birtir uppgjör	Vísitala neysluverðs í nóv. (HAG)	Þjóðhagsreikningar fyrir 3F (HAG) Alþingiskosningar Ísfélagið birtir uppgjör Verðbólga á evrusvæðinu	




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,28% á milli mánaða í október og verðbólga hjaðnaði úr 5,4% í 5,1%. Verðbólga án húsnæðis stóð í stað á milli mánaða. Kjarnavísitölur 1 og 2 lækkuðu á milli mánaða, en kjarnavísitala 4 hækkaði. Skýrist það af því að kjarnavísitala 4 inniheldur ekki reiknaða húsaleigu, en reiknuð húsaleiga var aðal drifkraftur lækkunar ársverðbólgu á milli mánaða.

Hagsjá: Verðbólga lækkar áfram og mælist 5,1% í október


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára




Breyting VNV á milli mánaða

Breyting á VNV á milli mánaða var mjög nálægt því sem við bjuggumst við. Við spáðum 0,27% hækkun á vísitölunni á milli mánaða og að ársverðbólga myndi lækka í 5,1%. Þrátt fyrir að gildi vísitölnnar hafi verið nærri því sem við spáðum, hreyfðust stakir undirliðir ólíkt því sem við gerðum ráð fyrir. Matarkarfan og flugfargjöld til útlanda hækkuðu mun meira en við spáðum á meðan reiknuð húsaleiga hækkaði mun minna.

Framlag undirliða í október



Októbermælingar VNV




Samsetning ársverðbólgu


Stærsta breyting á samsetningu ársverðbólgu á milli mánaða var að framlag reiknaðrar húsaleigu til ársverðbólgu lækkaði um 0,38 prósentustig og lækkaði þar með meira en ársverðbólgan. Þetta skýrist af því að reiknuð húsaleiga hækkaði nú einungis um 0,1% á milli mánaða en hækkaði um heil 2,0% í október í fyrra. Framlag flugfargjalda til útlanda hækkaði lítillega en flugfargjöld hækkuðu meira á milli mánaða núna en í október í fyrra.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirlíða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án mótuneyta og flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.




Horfur næstu mánuði

Við gerum ráð fyrir að ársverðbólga verði 4,5% í nóvember, 4,3% í desember og 4,0% í janúar á næsta ári. Spáin er aðeins lægri en verðbólguþáin sem við birtum í síðustu verðkönnunarviku. Munurinn skýrist aðallega af lægri spá um reiknaða húsaleigu næstu mánuði.


Verðbólguþáir

Breyting milli mánaða



Verðbólguþáir

Ársverðbólga



Kílómetragjald með í VNV

Rökstuðningur Hagstofunnar:

- Gjaldið er háð notkun á vegum, greitt í hlutfalli við fjölda ekinna kílómetra.
- Hagstofan lítur á gjaldið sem veggjald og tekur það því með í VNV.
- Þetta gjald er ólíkt gjaldinu sem tekið var upp síðustu áramót, á rafmagns- og tengiltvinnbíla. Það var skattur á ákveðna tegund bíla, en ekki gjald fyrir notkun á vegum.
- Þetta er ólíkt afnámi afnotagjalds RÚV og upptöku útvarpsgjalds. Útvarpsgjaldið var innheimt óháð notkun á þjónustu.

Áhrif á VNV:

- Bensín- og olúgjöld verða felld niður, sem hefur áhrif til lækkunar á VNV.
- Kolefnagjald er þó hækkað á móti, óvíst hversu mikið.
- Kílómetragjald tekið upp, fer væntanlega inn í lið 07248 Veggjöld og mun hafa áhrif til hækkunar.

Ekki til vog í VNV en vogir verða uppfærðar núna í janúar. Samantekið ætti þessi breyting ekki að hafa áhrif á mælda verðbólgu, en nákvæm útfærsla liggur ekki fyrir.


Næsta vaxtaákvörðun í lok mánaðarins

Allir fimm nefndarmenn Peningastefnunefndar greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra um að lækka vexti um 0,25 prósentustig á síðasta fundi, þótt einn nefndarmaður hefði heldur kosið að halda vöxtum óbreyttum. Samstaðan var meiri en við höfðum búist við. Næsta ákvörðun verður tilkynnt miðvikudaginn 20. nóvember.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
9. feb. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, KÓ			+0,75%	2,75%
4. maí 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+1,00%	3,75%
22. jún. 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+1,25%)	+1,00%	4,75%
24. ágú. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+1,00%)	+0,75%	5,50%
5. okt. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+0,25%	5,75%
23. nóv. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+0,50%)	+0,25%	6,00%
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS(óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024						

Meginvextir Seðlabanka Íslands




Vísitala íbúðaverðs

Vísitala íbúðaverðs lækkaði um 0,28% í september og er þetta fyrsta lækkun frá því í janúar. Við það lækkaði árshækkun vísitölunnar úr 10,8% í 9,5%. Árshækkunin er meiri á landsbyggðinni (12,8%) en á höfuðborgarsvæðinu (8,5%). Áfram eru íbúðaverðshækkanir á ársgrundvelli þó nokkuð umfram hækkanir á almennu verðlagi. Við förum varlega í að lesa í einstaka lækkunir á vísitölu íbúðaverðs og spáum áfram hægfara verðhækkunum næstu mánuði.


Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára




Seinustu þrjú mánuði

Breyting milli mánaða




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag til skamms tíma hækkað nokkuð í kjölfar þess að Hagstofan tilkynnti að kílómetragjald yrði tekið inn í mælingar á VNV og er álagið eftir það nokkurn veginn hið sama til tveggja, fimm og tíu ára. Í lok október var álagið 3,8% til tveggja ára (+0,4% í mánuðinum), 3,8% til fimm ára (+0,2% í mánuðinum) og 3,7% til tíu ára (óbr. í mánuðinum). Álagið til fimm ára eftir fimm ár var 3,6% (-0,1% í mánuðinum) í lok mánaðarins.



Raunstýrivextir


Raunstýrivextir hafa hækkað síðustu mánuði á alla mælikvarða. Miðað við liðna verðbólgu eru raunstýrivextir 3,9% og hafa hækkað um 2,4 prósentustig síðan um áramót. Miðað við verðbólguvæntingar eru raunstýrivextir á milli 5,0% og 5,5%.



Velta skv. VSK-skýrslum


Velta skv. VSK-skýrslum jókst um 2,1% á milli ára í júlí-ágúst. Velta í ferðapjónustu dróst saman á milli ára jafnvel þótt ferðamönnum hafi fjölgað á tímabilinu og kortavelta þeirra aukist, og velta í álframleiðslu jókst vegna hærri álverðs. Innanlands dróst velta í sölu og viðhaldi bifreiða áfram saman, en jókst í flestum öðrum greinum. Velta í tækni- og hugverkaiðnaði jókst verulega í takt við stöðugan vöxt í útflutningsverðmætum hugverkaiðnaðarins.

Hagsjá: Velta í hagkerfinu eykst og tæknigreinar draga vagninn




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,3% í september og er atvinnuleysi örlítið hærra en á sama tíma í fyrra, en þá var það 3,0%. Skráð atvinnuleysi hefur verið um 0,3 prósentustigum hærra en árið áður síðustu þrjá mánuði. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar tvöfaldaðist á milli mánaða í september, úr 2,6% í 5,2%. Vinnumarkaðsrannsóknin er úrtakskönnun og eiga niðurstöður úr henni það til að sveiflast mjög á milli mánaða og er því varasamt að lesa of mikið í staka mælingu.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila 120,8 mö.kr. í september og jókst um 1,2% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Þótt áfram sé kraftur í kortaveltu Íslendinga erlendis virðist loks farið að hægja á henni innanlands. Innlend kortavelta dróst saman í fyrsta sinn frá því í mars og heildarkortaveltan jókst þó nokkuð minna en á allra síðustu mánuðum. Við förum varlega í að lesa í hreyfingu í gögnunum einstaka mánuð, enda ber að hafa í huga að áfram virðist innistæða til neyslu sem endurspeglast m.a. í auknum innlánum heimila.



Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán innlánastofnana voru 11 ma.kr. í september, þar af voru nettó ný verðtryggð lán 25 ma.kr. en nettó uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 14 ma.kr. Það hefur verið nettó ný verðtryggð lán og nettó uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum hjá bönkunum samfellt síðan í desember 2022.




Staðan í ferðaþjónustu

223 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlugvöll í september, sem er 2,2% fleiri en í ágúst í fyrra. Á fyrstu 9 mánuðum ársins voru brottfarir 1.744 þúsund, sem eru 1,0% fleiri en á sama tímabil í fyrra. Í september jókst erlend kortavelta um 6,9% á milli ára á föstu verðlagi og 4,9% á föstu gengi. Gistinóttum ferðamanna fjölgaði um 2,8% á milli ára í september.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting milli ára eftir mánuðum




Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti evru en veiktist á móti Bandaríkjadal í október. Í lok mánaðarins stóð evran í 148,9 (-1,2% innan mánaðar) og Bandaríkjadalur í 136,8 (+1,7% innan mánaðar).



Gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í á gjaldeyrismarkaði í febrúar þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum.




Gjaldeyrsviðskipti lífeyrissjóðanna

Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóðanna fyrstu átta mánuði ársins eru 51 ma.kr., sem er aðeins minna en á sama tíma í fyrra þegar þeir höfðu keypt 68 ma.kr. og á sama tíma 2022, þegar þeir höfðu keypt 59 ma.kr.


Gjaldeyrsviðskipti lífeyrissjóðanna

Ma.kr.



Uppsöfnuð kaup innan árs

Ma.kr.



Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).